

# Starfsáætlun 2022-2023



## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

## Efnisyfirlit

Formáli .....	2
Efnisyfirlit .....	3
2. Mat á skólastarfi.....	6
2.2 Niðurstöður mats síðasta skólaárs.....	6
2.3 Húsnæði og lóð .....	9
2.4 Matsteymi og matsáætlun næsta skólaárs.....	9
2.5 Matsáætlun skólaárið 2022-2023 .....	10
3. Áherslur í starfi leikskólans .....	12
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár .....	12
4. Starfsmannamál .....	13
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí .....	13
4.2 Starfsþróunarsamtöl .....	13
4.3 Símenntun síðasta skólaárs.....	13
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum .....	14
5. Aðrar upplýsingar.....	15
5.1 Barnahópurinn 1. maí 2022. ....	15
5.2 Foreldrasamvinna .....	15
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla.....	16
5.4 Skipulagsdagar .....	17
5.5 Skert opnun vegna starfsmannafunda.....	17
Fylgirit .....	18
• Leikskóladagatal.....	18
• Umsögn foreldraráðs .....	18

## 1. Inngangur

Í starfsáætlun Hlíðarenda er farið yfir megin áherslur á komandi skólaári. Starfsáætlunin er byggð á innra mati skólans, ytra mati og því þróunar- og nýbreytnistarfi sem framundan er. Litið er á starfsáætlun sem leiðarvísi í umbótum skólustarfs sem starfsmannahópurinn tekur þátt í að móta og skapa.

Í starfsáætlun er að finna tölulegar upplýsingar um starfsmannahald og samsetningu barnahóps á líðandi skólaári, mat á leikskólastarfinu, umbótaáætlun, símenntunaráætlun og áætlun um samstarf leikskólans við Setbergsskóla. Einnig er að finna í áætluninni lista yfir skýrslur og áætlanir sem nálgast má á vef skólans. Sem fyrr verður er leikur barnanna lagður til grundvallar öllu leikskólastarfinu og áherslupættir skólans umhverfismennt, lífsleikni og hreyfing setja svip sinn á daglegt starf í leikskólanum.

Skóladagatal komandi skólaárs fylgir starfsáætlun ásamt samþykki foreldraráðs.

Svo litið sé aðeins til líðins skólaárs þá gætti enn áhrifa Covid-19 heimsfaraldurs fram að vori og þrátt fyrir minni takmarkanir en árið á undan mátti starfsmannahópurinn stóran hluta af árinu ekki vera í einu og sama rými. Þetta takmarkaði eðlilega möguleika til ánægjulegra samverustunda, til að mynda á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Þá voru söngstundir á föstudögum í sal ekki mögulegar fyrr en undir vor.

Sumarið 2021 var Hlíðarendi opinn allt sumarið og það vildi svo vel til að sumarleyfi barna og starfsmanna raðaðist vel saman og allt starfsfólk gat fengið sumarleyfi á þeim tíma sem óskað var eftir. Þetta fyrirkomulag gekk nokkuð vel en talsvert minni mæting barna var en skráning gaf til kynna, þetta átti sérstaklega við 3 vikur í júlímánuði. Á vorönn var sú ákvörðun tekin í fræðsluráði Hafnarfjarðar að leikskólum bæjarins yrði lokað í tvær vikur sumarið 2022. Engu að síður er öllum börnum gert að taka fjögurra vikna samfelld sumarleyfi.

Foreldrafélagið stóð fyrir sumarhátíð miðvikudaginn 9. júní 2022. Einkar ánægjulegt var að þetta árið gátu fjölskyldur barnanna verið með og því var hátíðin fjölmenn og skemmtileg. Foreldrafélagið bauð upp á hoppukastala, andlitsmálningu, sápukúluofgnótt og kleinur í hressingu. Mæting var framúrskarandi og hátíðin vel heppnuð í alla staði.

Á haustdögum var óskað eftir hugmyndum frá starfsfólki um einkunnarorð leikskólans. Úr tillögum starfsmanna var kosið og niðurstaðan varð sú að **virðing, virkni, velliðan** eru einkunnarorð Hlíðarenda. Þau ná vel utan um áherslupætti skólans sem eru umhverfisvernd, hreyfing og lífsleikni og endurspeglar það sem við viljum að einkenni hvern dag í leikskólanum.

Í júní 2022 var Grænfáninn dreginn að húni í sjötta sinn. Að þessu sinni var áhersla lögð á lífbreytileika, hvernig lífshættir hafa breyst frá þarsíðustu aldamótum og árstíðabundnar breytingar á náttúrunni og dýralífi í kringum skólann. Á starfsmannafundi í september 2022 verður viðfangsefni næstu tveggja ára kosið.

Fyrir dag íslenskrar tungu 16. nóvember lærði hver deild eitt ljóð eftir Þórarinn Eldjárn. Venjan er að flytja atriði fyrir allan skólann í söngstund í sal en vegna samkomutakmarkana var hátíð haldin á hverri deild fyrir sig.

Á skólaárinu var farið af stað með matsteymi sem hefur það hlutverk að gera matsáætlun og fylgja henni eftir. Í teyminu sitja, Elín Lárusdóttir, Jiyumarish Sales Albos, Sigrún Birna Magnúsdóttir og Fanney Hallgrímsdóttir fyrir hönd foreldra.

Áframhald var þennan veturinn á samstarfi við verknámsskólann Joanna Just í Potsdam í Þýskalandi, þetta samstarf er hluti af Erasmus+ verkefni. Á skólaárinu fengum við fjóra nema frá skólanum sem voru í 3-6 vikur. Þær voru allar einkar áhugasamar um skólastarfið. Fjóla aðstoðarleikskólastjóri og Árný leikskólastjóri fóru í heimsókn í skólann í Potsdam ásamt því að skoða nokkra leikskóla í nóvember 2021. Móttökurnar voru einkar góðar og virkilega gaman að sjá hversu mikil áhersla er lögð á verklega kennslu og virkni nemenda í Joanna Just skólanum.

Þær Beatrice Buchler og Rita Schmitt kennarar við Joanna Just og leiða Erasmus+ verkefnið komu í heimsókn til Íslands í lok febrúar. Þær skoðuðu Hlíðarenda, Urriðaholtsskóla ásamt stúdentalleikskólann Leikgarði. Fjóla og Árný buðu þeim einnig í bíltúr á Þingvelli og þrátt fyrir að veðrið hafi ekki beinlínis leikið við þær voru þær hæstánægðar með Íslandsdvölinu.

Á vorönn fengum við tvo nema á þriðja ári til BEd gráðu í leikskólakennarafræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Síðastliðið skólaár hafa alls kyns ný kerfi verið tekin í notkun. Starfsfólk er að temja sér notkun á Office 365 og Teams. Þá er skráning slysa og óhappa á vinnu/skólatíma orðin rafræn og er gerð í gegnum Atvik. Kjarni, mannauðs- og launakerfi er í innleiðingarfasa og eru stjórnendur að tileinka sér notkun þess.

Vinnu við þróunarverkefnið Málrækt í Hlíðarenda, lauk á vordögum en ákveðið var að fresta útgáfuhófi til hausts 2022.

Í lok maí komst starfsmannahópurinn loksins í mennta- og menningarferð til Ítalíu en ferðinni hafði verið frestað í þrígang. Fyrst vegna endaloka flugfélagsins WOW og tvisvar vegna Covid-faraldursins. Ferðin tókst vonum frammar og skólaheimsóknirnar voru einkar fróðlegar.

## 2. Mat á skólastarfi

### 2.2 Niðurstöður mats síðasta skólaárs

Mikilvægur hluti skólastarfs er að leggja mat á það sem fengist er við og taka upplýstar ákvarðanir um það hvort einhverju þurfi að breyta, betrubæta eða jafnvel umvenda. Að mestu leyti var innra mat skipulagt út frá matsáætlun þó aðstæður, sérstaklega sem tengjast Covid-19 faraldri settu þær aðeins úr skorðum.

Til einföldunar er innra mati hér skipt upp í nokkra undirkafla út frá hverjum þætti sem metinn var.

#### 2.2.1 Uppeldis- og menntastarf

Mat á skapandi starfi og verkefnavinnu í listastofu. Fór fram með spurningum um sjálfsmat á Workplace. Við náðum markmiðum varðandi nýjungar í skapandi starfi og starfsfólk metur sig taka tillit til óska og langana barnanna í skapandi vinnu í listastofu. Við náðum hins vegar ekki markmiðum um að efniviður sé nógu fjölbreyttur og því þarf að breyta og auka á úrval efniviðs. Einnig þarf að skoða hvort gæti hentað hópum betur að fara sjaldnar í listastofu og hafa lengri tíma í einu, sérstaklega þegar unnið er að stærri verkefnum eða þemavinnu.

Málrækt. Umræður á deildafundum. Niðurstöður voru að málræktarstundir ganga almennt vel, ef skólinn er undirmannaður þarf að sameina hópa sem dregur úr gæðum stundanna. Fyrirkomulag stundanna gefst vel.

Áherslupættir Hlíðarenda – Umhverfismennt. Viðfangsefnið síðastliðin 2 ár var lífbreytileiki, hvað breytist í umhverfi barnanna og lífríkinu í kringum skólann eftir árstíðum og hvernig umhverfi barna var fyrir um 100 árum síðan. Í júní kom Sigurlaug Arnardóttir frá Landvernd í Hlíðarenda í úttekt til að geta dregið Grænfána að húni í 6. sinn. Eftirfarandi er orðrétt úr úttekt Sigurlaugar: „Fyrirkomulag verkefnisins hjá ykkur er alveg eftir bókinni, þið farið á faglegan hátt í gegnum skrefin sjö, veljið ykkur þema og setjið ykkur flott markmið. Skýrslan var gríðarlega vel unnin og ítarleg. Hún er vitnisburður um ykkar frábæra starf. Segja má að Hlíðarendi sér fyrirmyndargrænfánaskóli, grænfánastarfið skín í gegn. Gríðarlega mörg flott verkefni og heildarhugsun. Útikennsla, ræktun, moltugerð og lengi má telja.“

Grænfánaskýrslan er á vef skólans.

Áherslupættir Hlíðarenda – hreyfing. Mat á starfsmannafundum og deildarfundum gefur til kynna að hreyfingu hefur verið sinnt nokkuð vel. Til að öll börn fái markvissa hreyfingu í sal vikulega er gagnlegt að fá fræðslu fyrir hópinn um mikilvægi hreyfingar og áhrifa hennar á vellíðan en einnig hugmyndir að æfingum og leikjum innandyrá með ungum börnum. Útivist á leiksvæði skólans er einnig mikilvægur þáttur í daglegu starfi og fylgja þarf eftir að hún sé regluleg á öllum deildum. Jafnframt verður starfsfólk áfram hvatt til að gefa vettvangs- og útivistarferðum góðan tíma og jafnvel taka nesti fyrir hádegisverð.

## Áherslupættir Hlíðarenda – lífsleikni

Svokölluð tilfinningaspjöld eiga að fara á milli deilda þar sem mynd af einni tilfinningu hangir á vegg í nokkrar vikur. Við týndum taktinum aðeins í þessu, mögulega tengt samkomutakmörkunum. Vináttustundir ganga vel og hafa verið reglulega með öllum hópum vikulega. Búið er að taka saman yfirlit yfir bækur sem fjalla á skemmtilegan hátt um vináttu og sá listi er í Vináttutöskunum.

### Hefðir og hátíðir

Samkomutakmarkanir í heimsfaraldri settu nokkurn svip á hefðir og hátíðir hjá okkur framan af skólaárinu. Þannig var ekki hægt að halda dag íslenskrar tungu á sal og heldur ekki Vináttustund í sal. Þá var Þorrablót ársins haldið á hverri deild fyrir sig í stað þess að fagna saman í sal. Það rættist þó úr þegar fór að vora og við náðum að halda nokkrar söngstundir í apríl við mikla ánægju barna og starfsmanna. Þá var einnig hægt að bjóða foreldrum að koma og fagna sumri með okkur á hátíð foreldrafélagsins sem tókst einkar vel.

Í fyrsta sinn var haldin sérstök útskriftarhátíð fyrir hópinn sem kveður að hausti. Þetta var vel heppnuð stund þar sem börnin fengu afhent útskriftarskírteini og vináttubangsann sinn til eignar. Þá fluttu börnin einnig nokkur lög og sýndu dans við góðar undirtektir. Mat starfsmanna er að hér með hafi myndast upphaf að nýrri hefð.

### 2.2.2 Starfsmannapúlsinn

Í mars var lögð fyrir starfsmannakönnun Skólapúlssins. Í könnuninni eru niðurstöður skólans bornar saman við landsmeðaltal leikskóla. Svarhlutfall í Hlíðarenda var 87%. Niðurstöður sem eru 0,1-0,5 frá landsmeðaltali telst ekki mikill munur. 5 þættir voru 0,1-0,2 neðan við landsmeðaltal sem flokkast þá sem lítill munur og ekki marktækur. Spurning um hvort starfsfólk hefði unnið fjarvinnu síðastliðið ár var 26,7% neðan við landsmeðaltal sem er marktækur munur. Starfsfólk Hlíðarenda hefur tekið þessa umræðu og vill frekar aðskilja vinnu- og einkalíf og ljúka td. undirbúningstíma á vinnustaðnum í stað þess að taka hann heima svo að þessi þáttur gefur frekar til kynna að okkur takist að standa með því markmiði. Þetta er eini þátturinn sem mældist marktækt undir landsmeðaltali.

Endurmat á styttingu vinnuviku var eitt af því sem tekið var fyrir í starfsmannapúlsi og ánægja með styttingu vinnuviku mælist 100% sem er 31,1% yfir landsmeðaltali og telst marktækur munur.

Það sem veldur áhyggjum í niðurstöðum er að það mælist einelti í starfsmannahópnum. Á starfsmannafundi þegar niðurstöður voru kynntar var ítrekað við starfsfólk mikilvægi þess að láta vita um leið og einhver verður við neikvæða framkomu í garð starfsmanna og ítrekað að það eru margar leiðir til að tilkynna, hvort sem það eru stjórnendur, starfsfólk mennta- og lýðheilsusvið eða nafnlaust á Auðnast. Samskipta/eineltisáætlun skólans sem hefur verið markvisst haldið á lofti undanfarin 2 ár verður áfram til umfjöllunar.

Að þessu undanskildu er ekki hægt að líta á öðruvísi en svo að heilt yfir séu niðurstöður mjög jákvæðar fyrir skólann. Nokkrir þættir mældust marktækt yfir landsmeðaltali; ánægja með vinnuaðstöðu, stuðningur frá samstarfsfólki, ræktun mannauðs, ánægja með styttingu vinnuvikunnar

og að vel hafi tekist til með átakið heilsueflandi vinnustaður. Þá mælist einnig marktækt minni mismunun í starfsmannahópnum en landsmeðaltal gefur til kynna.

### **2.2.3 Foreldrakönnun Skólapúlssins**

Í febrúar var lögð fyrir foreldrakönnun Skólapúlssins. Í könnuninni eru niðurstöður Hlíðarenda bornar saman við landsmeðaltal. Svarhlutfall var 86%. 3 þættir voru neðan við landsmeðaltal, þó ekki svo mikið að það teljist marktækt. Þessir þættir eru vinnubrögð, upplýsingamiðlun og þekking á stefnu og námskrá skólans.

Þátturinn vinnubrögð samanstendur af nokkrum spurningum sem varða hvort foreldrar meti starfsfólk hvetja börnin, hvort barninu er mætt á sanngjarnan hátt, hvort starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt og hvort notaðar séu fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska og námsferil barnsins. Það eru óneitanlega vonbrigði að þessi þáttur sé undir landsmeðaltali sem varðar 2,4 prósentum. En betur má ef duga skal og þessir þættir hafa verið teknir fyrir á deildarstjórafundi og verða áfram ræddir á komandi skólaári, auk þess sem þeir gefa jafnvel til kynna að við getum staðið okkur betur í að upplýsa foreldra um hvernig staðið er að málum í Hlíðarenda.

Á haustönn stóð til að halda kynningarfundum fyrir foreldra um stefnu leikskólans, áherslurætti og vinnuaðferðir. Þeim fundum var sleppt vegna samkomutakmarkana en til stendur að halda þá á haustönn 2022. Einnig má nýta facebook síðu meira til að kynna starf skólans. Ákveðið hefur verið að heimasíða skólans henti betur til að vera upplýsingasíða um skólann fremur en fréttaveita.

Í hinum 17 þáttunum sem teknir voru fyrir var niðurstaða Hlíðarenda ofan við landsmeðaltal sem er virkilega ánægjulegt. Einn þáttur mældist marktækt ofan við landsmeðaltal sem er hvatning til foreldra í þátttöku í leikskólastarfinu.

Flestir þáttanna reyndar lækkuðu frá síðustu könnun. Niðurstöður þeirrar könnunar voru örlítið frábrugðnar öllum könnunum fyrr og síðar þar sem ánægja með langflesta þætti mældist á milli 85 og 100%. Könnunin var lögð fyrir í upphafsfasa heimsfaraldurs þar sem almennt þakklæti með með framlag framlínustarfsmanna var allsráðandi.

### **2.2.4 Aðrir þættir skólastarfsins**

Á skipulagsdegi 15. nóvember var unnið að mati á fyrirkomulagi styttingar vinnuvikunnar. Þetta var unnið í hópum út frá 6 spurningum um núverandi fyrirkomulag, kosti þess og galla fyrir starfsmanninn og vinnustaðinn og skoðaður sá möguleiki hvort annað fyrirkomulag gæti verið betra auk þess sem skoðað var hvort hægt væri að auka styttingu vinnuviku.

Starfsmannahópnum var skipt í 4 umræðuhópa þar sem fulltrúar úr starfshópi um styttingu vinnuviku tóku saman niðurstöður umræðna. Niðurstöður voru þær að almenn ánægja ríkir með núverandi fyrirkomulag og að það henti almennt vel að safna tímum og taka á tveggja vikna fresti. Starfsfólk talar um álag sem þessu fyrirkomulagi fylgir þar sem ekki kemur inn afleysing fyrir styttinguna. Ekki þykir mögulegt að stytta vinnutíma meira nema til komi auknar stöður í afleysingar.



### 2.3 Húsnæði og lóð

Á skólaárinu var klárað að setja upp hljóðvistarplötur í þau rými sem eftir voru, samhliða því var skipt út ljósum og núna er LED lýsing í öllu húsinu. Mikil ánægja er með þessa betrubót á vinnuaðstæðum. Einnig var neti neðst innan á klæðningu hússins skipt út fyrir stálplötur. Til að verjast músagangi í húsinu skiptir miklu máli að þetta sé í lagi. Sett var upp ný uppþvottavél með sjálfvirkri og rafrænni opnun/lokun til að koma í veg fyrir álag á öxlum starfsfólks í eldhúsi.

Á framkvæmdaáætlun er að endurnýja undirlag undir rólum og setja þar viðeigandi fallvörn, gúmmímottur.

Á liðnu skólaári voru engar framkvæmdir á lóð leikskólans en mjög mikil þörf er á endurbótum. Takmarkað vatnsrennsli frá lóðinni veldur því að gras er viðkvæmt og víða ónýtt og drullusvað á lóðinni í vætu. Þá myndast einnig miklir pollar við innganga í skólann þegar vætusamt er og börnin missa af útivist að óþörfu sem er óviðunandi. Brýnt er að gera á þessu betrubætur.

Þá er löngu tímabært að mála lítil hús á lóðinni og bera á timbur. Framkvæmdum um breytingar á sandkassa sem teknar voru teknar ákvarðanir um 2021 hefur ekki verið komið í farveg.

Keypt hefur verið fótoltamark í barnastærð sem verður sett upp við á grasfleti við Grenilund/Furulund.

### 2.4 Matsteymi og matsáætlun næsta skólaárs

Á vordögum var sett saman matsteymi sem hefur það hlutverk að fara yfir niðurstöður matsþátta liðins skólaárs og setja saman áætlun fyrir mat komandi skólaárs. Teymið fundaði í eitt skipti og vann eftirfarandi áætlun.

## 2.5 Matsáætlun skólaárið 2022-2023

Umbótaþáttur	Markmið	Aðgerð	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
<b>Ný áhersla grænfánastarfs, kosið um hana í september</b>	Að börnin þekki grunnhugtök nýrrar áherslu	Í Grænfánastarfi sé áhersla lögð á grunnhugtök og það sem að baki þeim býr í samræmi við áætlun.	Skólaárið 2022-2024	Deildarstjórar undir leiðsögn leiðtoga umhverfismenntar.	Apríl 2023	Að 80% barna í elsta árgangi þekki grunnhugtök og hvað að baki þeim býr.
<b>Vísindastarf</b>	Að verkefnavinna í vísindum verði festi sig í sessi í leikskólastarfinu. Að allir hópar 2,5-5 ára barna taki þátt í verkefnavinnu sem tengjast vísindum mánaðarlega.	Könnun á Workplace í desember og endurtekin í maí	Hefst í september 2022	Stjórnendur	Desember 2022 og maí 2023	Að 80% hópstjóra barna á aldrinu 2,5-5 ára telji sig fara mánaðarlega eða oftár í hópastarf sem tengist vísindum.
<b>Hreyfing</b>	Að auka færni starfsfólks í að stuðla að markvissri hreyfingu með börnum	Fræðsla og umræður á starfsmannafundi og skipulagsdögum	Skólaárið 2022-2023	Stjórnendur og leiðtogi umbótahóps í hreyfingu	Apríl 2023	Umræður á deildarfundum út frá umræðupunktum sem matsteymi býr til.

<b>Hávaði í daglegu starfi</b>	Að draga úr hávaða í daglegu starfi.	Með fræðslu og umræður á starfsmannafundum	Skólaárið 2022	Stjórnendur, deildarstjórar	September 2022 og febrúar 2023	Umræður á deildarfundum í september og febrúar
<b>Virkt eftirlit með menningu og samskiptum starfsmanna</b>	Að stuðla að því að jafnræði einkenni vinnustaðamenningu og koma í veg fyrir einelti	Örkönnun á Workplace. Spurningar þær sömu og í vinnustaðakönnun Skólapúlssins. Kannanir gerðar í október, febrúar og júní.	Hefst október 2022	Stjórnendur	Júní 2023	Að einelti í starfsmannahópi hverfi alveg.
<b>Upplýsingamiðlun til foreldra</b>	Að auka upplýsingaflæði til foreldra	Í upphafi hvorrar annar fari tölvupóstur á foreldra með viðburðum annarinnar og að fyrir hvern viðburð, einnig smærri viðburði séu sendir tölvupóstar á foreldra.  Að hið minnsta 2x í mánuði séu settar fréttir á facebook síðu skólans.	Skólaárið 2022-2023	Stjórnendur	Mái 2023	Samanburður á viðburðum skóladagatala og hvort póstar voru sendir.  Talning á fréttum á facebook.

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

#### 3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

##### 1. **Þróunarverkefni í læsi**

Markmið: Að fylgja eftir útgáfu þróunarverkefnis í málrækt, að styrkja og efla starfsaðferðir við læsi í Hlíðarenda.

Leiðir að markmiðið: Unnið verður eftir þróunarverkefni í Málrækt í Hlíðarenda.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri.

##### 2. **Grænfáni.** Ný áhersla í Grænfánaverkefni verður ákveðin í september 2022. Verkefnið verður unnið fram að sumri 2024.

Markmið og leiðir: Verður unnið á starfsmannafundi í september.

Ábyrgð: Umbótaþapur í umhverfismennt undir stjórn Guðmundu Huldu Eyjólfsdóttur.

##### 3. **Útgáfa skólanámskrár.**

##### 4. Markmið: Að gefa út uppfærða skólanámskrá Hlíðarenda að vori 2023. Hún verður unnin með hliðsjón af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og nýrri menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar. Auk þess mun hún taka mið af lögum um samþættingu í þágu farsældar barna.

##### 5. Leiðir: Unnið í hópum á skipulagsdögum og starfsmannafundum, bæði deildarhópum og umbótaþópum.

##### 6. Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri.

## 4. Starfsmannamál

### 4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri/Sérkennslustjóri	1	100%	Leikskólakennari
Deildarstjóri	4	347,25%	Leikskólakennari
Með kennararéttindi	2	175%	Grunnskólakennari
Aðrir með háskólapróf	4	387,5%	BA sálfræði, BA í listum, BSc í viðskiptum, BEd leikskólakennari
Leiðbeinandi	11	1067%	Grunnskólapróf, stúdentspróf
Matráður	1	100%	Diplóma í ferðamálafræði
Aðstoð í eldhúsi	1	100%	Grunnskólapróf
Leiðbeinandi/atvinna með stuðningi	1	50%	Stúdent af starfsbraut

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Allt starfsfólk fór í starfsþróunarsamtal í apríl og maí 2022. Það gætti almennrar þreytu í hópnum en flestir tengdu það heimsfaraldri og leiða yfir að geta ekki gert almennilegar áætlanir fyrir sumarleyfi.

### 4.3 Símenntun síðasta skólaárs

- Rafrænn fyrirlestur frá Heyrnar- og talmeinastöð um málþroska ungra barna í febrúar.
- Fyrirlestur á skipulagsdegi, Áhrif hljóðmengunar á þroska og líðan barna. Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir, radd- og talmeinafræðingur. Allt starfsfólk.
- Menntaferð til Ítalíu. Heimsóttir voru 3 leikskólar sem hver um sig hafði nokkra sérstöðu. Í Girasole í Ortisei er daglegt leikskólastarf á þremur tungumálum. Börn og starfsfólk tjá sig ýmist á ítölsku, þýsku eða ladin. Í Arcobaleno er mikil áhersla lögð á skapandi starf og í Millefiore
- Rafrænn fyrirlestur á vegum Stjórnvísí. „Culture eats strategy for breakfast“ Samspil menningar og innleiðingar stefnu. Leikskólastjóri.
- Rafrænn fyrirlestur á vegum Stjórnvísí. „Ferlisnálgun stjórnkerfa“, framsetning ferla og hvernig þeir nýtast við breytingastjórnun. Leikskólastjóri.
- Rafræn námstefna á vegum félagsmálaráðuneytis Finnlands. „Promoting gender equality in early childhood education and care“. Leikskólastjóri.

- Rafrænn fyrirlestur á vegum Stjórnvísí. „Skjalastjórn í skýjunum“, straumlínustjórnun í skjalastjórnun. Leikskólastjóri.

#### 4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Starfsfólk er hvatt til að sækja námskeið meðal annars á vegum skrifstofu Fræðslu- og frístundasviða Kragans, námskeið á vegum Greiningarstöðvar ríkisins og Endurmenntun Háskóla Íslands.

Starfsfólk er hvatt til að fylgjast sjálfst með framboði á námskeiðum.

Starfsfólk er hvatt til að sitja fræðsluerindi í boði foreldrafélagsins á Aðalfundi félagsins í október.

Nýir starfsmenn munu sækja námskeið hjá Barnaheillum um „Vináttu“

Á haustönn verður haldið námskeið í skyndihjálpi.

Stefnt er að námskeiði um hreyfingu og/eða útikennslu.

Árleg upprifjun á samskipta/eineltisáætlun.

Fræðsla í tengslum við innleiðingu Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. maí 2022.

- Fjöldi barna í leikskólanum 83
- Kynjahlutfall 42 stúlkur og 41 drengur
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkvæmt greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki er 3 börn.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað) er 7 börn
- Fjöldi barna með ofnæmi 6
- Fjöldi barna með fæðuþol 9
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku 11
- Fjöldi tungumála 7
- Þjóðerni forsjáraðila eru Filippseyjar, Ítalía, Bandaríkin, Pólland, Rússland, Síryland, Úkraína.

### 5.2 Foreldrasamvinna

Þétt og náð samstarf við foreldra eykur sýnileika leikskólans og stuðlar að jákvæðu viðhorfi til skólastarfsins. Það er okkur í Hlíðarenda kappsmál að foreldrar upplifi sig alltaf velkomin og að þeirra skoðun og ábendingar skipti okkur máli, enda eru þau hluti af hagsmunahópi leikskólans og sérfræðingar í málefnum sinna barna.

- Foreldraviðtöl, voru haldin á vorönn og gert ráð fyrir um 30 mínútum fyrir hvert barn.
- Í foreldráði eru 3 fulltrúar sem kosnir voru á aðalfundi foreldrafélagsins í október 2021.
- Í foreldrafélagi sitja 6 fulltrúar, sem skiptast þannig að það er einn frá hverri deild og 2 aukalega. Leikskólastjóri situr fundi félagsins sem voru 3 á árinu auk samskipta í gegnum Facebook. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn í október ár hvert og boðið er upp á fræðsluerindi.

### 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Með það að markmiði að börnin í Hlíðarenda öðlist jákvæða mynd af skólastarfi í grunnskóla og leggja grunn að aðlögun þeirra í Setbergsskóla og/eða aðra grunnskóla á Hlíðarenda gott samstarf við Setbergsskóla.

Skólaárið 2020-2021 var samvinna á milli skólanna í algjöru lágmarki vegna heimsfaraldurs og því féll margt niður af því sem fyrirhugað var en börnin náðu þó að fara í heimsókn í bókasafn skólans og í heimsókn í fyrstu bekki á vorönn. Annað samstarf var fellt niður.

Áætlun um samstarf við Setbergsskóla 2022-2023	
Yfir allan veturinn	Heimsóknir í bókasafn Setbergsskóla. 3-4 sinnum á önn
Yfir allan veturinn	Heimsóknir í íþróttahús Setbergsskóla. Aðra hverja viku.
Október/nóvember	Börn úr 7. bekk lesa fyrir leikskólabörn – undirbúningur fyrir stóru upplestrarkeppnina.
Nóvember	Fyrstu bekkir Setbergsskóla koma í heimsókn í Hlíðarenda
Nóvember	Vinaball í Setbergsskóla í tengslum við vinaviku
Desember	Skoðunarferð um Setbergsskóla
Febrúar	Leikskólabörn sitja kennslustundir í Setbergsskóla
Maí	Vorskemmtun í sal Setbergsskóla
Apríl	Börnin fara á leiksýningu í sal Setbergsskóla



#### 5.4 Skipulagsdagar

Á skólaárinu 2022-2023 verða skipulagsdagar á eftirfarandi dögum:

Föstudagur 16. september

Mánudagur 14. nóvember

Miðvikudagur 11. janúar

Mánudagur 27. febrúar

Föstudagur 19. maí

#### 5.5 Skert opnun vegna starfsmannafunda

Á skólaárinu 2022-2023 verður tekin upp sú nýlunda að hafa starfsmannafundi á vinnutíma. Því verður skólinn opnaður kl. 10.00 í stað 7.30 fjórum sinnum yfir skólaárið, tvisvar á hvorri önn á eftirfarandi dagsetningum:

Miðvikudagur 12. október

Þriðjudagur 6. desember

Fimmtudagur 16. mars

Þriðjudagur 25. apríl

## 5.6 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Samskiptaáætlun/eineltisáætlun. Endurskoðuð í september 2020.

Jafnréttisáætlun. Útgefin í apríl 2019.

Viðbragðsáætlun við slysum og áföllum. Endurskoðuð haust 2020.

Öryggisáætlanir

- Rýmingaráætlun, endurskoðuð sumar 2020.
- Leikskólinn styðst við Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum. (Menntamálaráðuneytið, 2014).

Móttökuáætlun barna á íslensku og ensku. Endurskoðuð í júní 2020.

## Fylgirit

- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs

Hafnarfirði 30. júní 2022

  
Leikskólastjóri